

Ársreikningur

Faxaflóahafna sf.

2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar	2 - 3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur ársins 2022	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2022	7 - 8
Sjóðstreymi ársins 2022	9
Skýringar	10 - 15

Stjórn Faxaflóahafna sf.:

Aðalmenn

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Helga Harðardóttir
Hildur Björnsdóttir
Már Mátsson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Páll Brynjarsson

Varamenn

Andrea Ýr Arnarsdóttir
Friðjón Friðjónsson
Íris Baldursdóttir
Pawel Bartoszek
Ragnar B. Sæmundsson
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Í stjórn félagsins sitja sjö stjórnarmenn, fjórar konu og þrír karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á árinu 2022 3.373 millj.kr. samanborið við 851 millj.kr. árið á undan. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 18.232 millj.kr., en nam um 15.625 millj.kr. í byrjun árs. Hafnarstjórn vinnur að mótun stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur fyrir félagið og leggur til að arðgreiðslan verði í samræmi við þá stefnu og að uppfylltum skilyrðum 3. gr. reglugerðar nr. 798/2009 um Faxaflóahafnir. Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2023 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2022 til eigenda að fjárhæð 1.646 millj.kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 78 og launagreiðslur félagsins námu um 1.172 millj.kr. á árinu.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir

Á árinu 2022 varð töluverður vöxtur umfram áætlanir, að mestu vegna aukningu á komu farþegaskipa umfram hóflegar væntingar fyrir árið. Rauntölur um fjárfestingar ársins voru vel undir fjárhagsáætlun m.a. vegna frestunar á verkefnum og/eða breyttra forsenda, en á árinu var þó unnið að mörgum veigamiklum verkefnum, m.a. endurnýjun á verbúðarbryggju í Gömlu höfninni, innkaup á rafbúnaði á Faxagarði, innkaup á stáli fyrir lengingu Aðalhafnargarðs á Akranesi sem framkvæmd verður á árinu 2023, endurnýjun hafnavogar, gerð hjólastígs á Fiskislóð ásamt því að hafist var handa við frumhönnun á nýrri farþegaástöðu á Skarfabakka. Samstarfssamkeppni um fjölnota farþegamiðstöð á Skarfabakka stendur nú yfir og er gert ráð fyrir að lok framkvæmda verði þann 1. apríl 2025.

Hafnarhúsið var afhent nýjum eigendum á árinu. Höfuðstöðvar félagsins verða áfram í húsinu þar sem ekki er ráðgert að flytja á nýjan stað fyrr en eftir um nokkur ár. Eignin hafði að mestu leiti verið afskrifuð í bókum félagsins og því bókast á árinu söluhagnaður sem nemur 2.069 millj.kr.

Megináhætta og óvissuþættir

Hagsveiflan hefur töluverð áhrif á tekjumyndun í félaginu þar sem vörugjöld af innflutningi eru veigamikil tekjulind. Áföll í ferðapjónustu vegna heimsviðburða s.s. farsóttu og stríðsátaka geta einnig valdið fyrirtækinu búsigfum þar sem þjónusta við komur skemmtiferðaskipa er orðin veigamikill og vaxandi þáttur starfseminnar. Netárásir og alvarlegar bilanir í upplýsingatæknikerfum eru einnig áhættuþáttur sem mikilvægt er að vakta vel enda er það stefna Faxaflóahafna að reka snjallrar hafnir.

Ein af stefnuáherslum Faxaflóahafna eru grænar hafnir sem felur í sér vilja og skuldbindingu að vinna að minni mengun og bættu umhverfi í höfnum okkar samfara aukinni umferð um hafnirnar. Ásamt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi sem nær til allrar starfsemi Faxaflóahafna, er einnig unnið að innleiðingu umhverfiseinkunnarkerfis (EPI) sem hefur reynst öðrum höfnum vel í að hafa áhrif á umhverfismál þeirra skipa sem sækja hafnirnar.

Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar, framhald

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%


Yfirlýsing stjórnar og hafnarstjóra

Þessi ársreikningur sýnir að afkoma og fjárhagsstaða félagsins er sterk og að mati hafnarstjórnar og hafnarstjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreikningsins að vafi kunní að leika á rekstrarhæfi félagsins

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2023

Stjórn Faxaflóahafna sf.:


Handwritten signatures of the board members of Faxaflóahafna sf. The signatures are in blue ink and include: Þórhildur Þórhildardóttir, Guðrún Snævar Gunnarsson, Helga Harðardóttir, Þórunn Þórunn, and Ragnheiður H. Magnúsdóttir.

Hafnarstjóri:


Handwritten signature of the harbor manager in black ink.

Áritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Faxaflóahafna sf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lámarki sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og hafnarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.


Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirliti sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði síðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 19. apríl 2023


Theodor S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	Fjárhagsáætlun 2022	2021
Rekstrartekjur				
Vörugjöld		1.623.606	1.540.699	1.512.002
Aflagjöld		273.695	152.000	151.248
Skipagjöld		636.207	552.457	435.918
Farþegagjald		69.080	38.137	19.218
Eignatekjur		1.146.706	1.092.449	1.060.305
Hafnarþjónusta		941.461	596.265	601.255
Siglingavernd		453.987	347.337	332.248
Aðrar tekjur		14.419	0	32.338
	2	<u>5.159.160</u>	<u>4.319.344</u>	<u>4.144.531</u>
Rekstrargjöld				
Hafnarvirki		801.123	791.749	604.885
Eignagjöld		553.669	551.343	445.915
Hafnarþjónusta		904.714	834.607	690.932
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		483.359	528.474	448.176
Siglingavernd		353.533	330.280	300.358
Afskriftir	2, 5	857.161	950.000	815.315
		<u>3.953.558</u>	<u>3.986.453</u>	<u>3.305.583</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		1.205.601	332.891	838.948
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur og verðbætur		99.555	8.000	14.800
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.546)	(1.000)	(1.682)
Gengismunur	2	334	0	(875)
		<u>98.343</u>	<u>7.000</u>	<u>12.244</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi		1.303.944	339.891	851.192
Óreglulegir liðir				
Hagnaður vegna sölu Hafnarhúss		2.069.351	0	0
		<u>2.069.351</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Hagnaður ársins		<u>3.373.295</u>	<u>339.891</u>	<u>851.192</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	2, 5		
Fasteignir og lóðir		2.513.490	2.566.002
Hafnir og mannvirki		9.493.676	9.332.397
Gatnakerfi		597.600	592.077
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		1.106.573	1.187.431
		<u>13.711.340</u>	<u>13.677.907</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	2, 6	78.950	78.950
Langtímakröfur	2, 7	31.922	79.391
		<u>110.872</u>	<u>158.342</u>
	Fastafjármunir	<u>13.822.212</u>	<u>13.836.249</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur:			
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	2, 7	44.311	80.403
Viðskiptakröfur	2, 4	291.235	340.667
Aðrar kröfur		986.869	6.521
Handbært fé:	2		
Sjóður og bankainnstæður		3.684.917	1.909.201
	Veltufjármunir	<u>5.007.332</u>	<u>2.336.793</u>
	Eignir samtals	<u>18.829.544</u>	<u>16.173.042</u>

31. desember 2022

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2022	2021
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		18.231.927	15.624.632
Eigið fé samtals		<u>18.231.927</u>	<u>15.624.632</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		355.761	242.371
Ýmsar skammtímaskuldir		241.855	306.038
Skuldir samtals		<u>597.616</u>	<u>548.410</u>

Skuldir og eigið fé samtals 18.829.544 16.173.042

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings 9

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	Fjárhagsáætlun 2022	2021
Rekstrarhreyfingar				
Hagnaður ársins		3.373.295	339.891	851.192
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	5	857.161	950.000	815.315
(Söluhagnaður) tap	(2.077.115)	0	(31.195)
Verðbætur langtímakrafna	(11.044)	(3.000)	(9.603)
		<u>2.142.296</u>	<u>1.286.891</u>	<u>1.625.709</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		53.884	0	(35.663)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		149.206	0	(116.407)
		<u>203.091</u>	<u>0</u>	<u>(152.070)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.345.387</u>	<u>1.286.891</u>	<u>1.473.639</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.008.683)	(1.890.000)	(309.409)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		1.110.405	0	104.313
Lóðasala (lóðaúthlutun)		0	0	50.642
Afborganir langtímakrafna		94.606	80.000	128.048
Fjárfestingarhreyfingar		<u>196.329</u>	<u>(1.810.000)</u>	<u>(26.406)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Úttekt eigna	(766.000)	(215.000)	(103.000)
Fjármögnunathreyfingar	(766.000)	(215.000)	(103.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.775.716	(738.109)	1.344.233
Handbært fé í ársbyrjun		1.909.201	1.909.201	564.969
Handbært fé í árslok		<u>3.684.917</u>	<u>1.171.092</u>	<u>1.909.201</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferð og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2023. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í lok árs 2022. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af leigu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Eignatekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur af leigu og þjónustu er framsettar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Skattamál

Félagið er undanþegið tekjuskattskyldu og hafnarsjóðir eru undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	40 ár
Lóðir og gatnakerfi	25 ár
Hafnir og mannvirki	10 - 25 ár
Bifreiðar, bátar, áhöld og tæki	5 -10 ár

Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru ekki færðir m.v. hlutdeildaraðferð og ekki gerð samstæða þar sem áhrif félaganna eru óveruleg.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Í rekstrarreikningi ársins eru tekjufærðar 18,8 millj. kr. vegna lækkunar niðurfærslu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstremis.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	1.172.353	982.834
Mótframlag í lífeyrissjóð	183.583	152.109
Önnur launatengd gjöld	105.520	85.256
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.461.456</u>	<u>1.220.200</u>

Meðalföldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf 78 79

Laun til stjórnar og hafnarstjóra námu 47,5 millj. kr. á árinu 2022 (2021: 51,4 millj. kr.).

Laun og tengd gjöld sundurliðast þannig á liði í rekstarreikningi:	2022	2021
Hafnarvirki	213.149	194.661
Eignagjöld	29.972	28.384
Hafnarþjónusta	842.906	627.429
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	306.038	303.907
Siglingavernd	69.391	65.819
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.461.456</u>	<u>1.220.200</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna

4. Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 18,4 millj.kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	2022	2021
Niðurfærsla í ársbyrjun	47.355	50.736
Tapaðar kröfur á árinu	(10.191)	(4.160)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	(18.769)	779
Niðurfærsla í árslok	<u>18.395</u>	<u>47.355</u>

Varanlegir fastafjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

<i>fjárhæðir í þús. kr.</i>	Fasteignir og lóðir	Hafnir og mannvirki	Gatnakerfi	Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2022	8.124.366	21.755.874	1.145.294	2.064.740	33.090.274
Afskrifað áður	(5.558.364)	(12.423.477)	(553.217)	(877.309)	(19.412.367)
	2.566.002	9.332.397	592.077	1.187.431	13.677.907
Viðbót á árinu.	161.750	733.754	52.757	60.422	1.008.683
Selt og niðurlagt á árinu.....	(115.449)	0	0	(2.641)	(118.090)
Afskrifað á árinu	(98.813)	(572.475)	(47.234)	(138.639)	(857.161)
Heildareign 31.12. 2022.....	2.513.490	9.493.676	597.600	1.106.573	13.711.340
Heildarverð 31.12.2022.....	7.131.624	22.489.628	1.198.051	2.098.743	32.918.046
Afskrifað samtals 31.12.2022	(4.618.134)	(12.995.951)	(600.451)	(992.170)	(19.206.706)
Heildareign 31.12. 2022.....	2.513.490	9.493.676	597.600	1.106.573	13.711.340
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	4-10%	4%	10 - 20%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins greinist þannig:

<i>fjárhæðir í þús. kr.</i>	Fasteignamat	Váttryggingamat
	31.12. 2022	31.12. 2022
Fasteignir	4.975.225	5.169.470
Lóðir	44.904.846	0
Bátar	0	1.437.101
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	0	1.023.044
	49.880.071	7.629.615

Áhættufjármunir og langtímakröfur

6. Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð	Bókfært verð
Aflvaki hf., Reykjavík	7,6%	608	719
Halakot ehf., Reykjavík	100,0%	2.000	2.000
Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf., Akranes	50,0%	25.500	75.481
Þróunarfélag Grundartanga ehf., Grundartanga	16,7%	750	750
		28.108	78.950

Faxaflóahafnir sf. er helmingseigandi að Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar sf., en tilgangur félagsins er öflun vatns vegna starfsemi á Grundartanga og í svonefndu Hagamelshverfi. Skuldbindingar Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar í árslok nema um 4,2 millj.kr. Faxaflóahafnir bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

7. Yfirlit um langtímakröfur:	2022	2021
Skuldabréf	76.233	159.795
Næsta árs afborganir	(44.311)	(80.403)
Langtímakröfur í efnahagsreikningi samtals	<u>31.922</u>	<u>79.391</u>
Langtímakröfur greinast þannig:		
Verðtrygð lán bundin NVT til verðtryggingar	76.233	159.795
	<u>76.233</u>	<u>159.795</u>
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2023 / 2022	44.311	80.403
Árið 2024 / 2023	21.281	45.362
Árið 2025 / 2024	10.641	24.298
Árið 2026 / 2025	0	9.732
Langtímakröfur samtals	<u>76.233</u>	<u>159.795</u>

Eigið fé

8. Yfirlit um óráðstafað eigið fé:

<i>fjárhæðir í þús. kr.</i>	2022	2021
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs	15.624.632	14.876.441
Úttekt eigenda	(766.000)	(103.000)
Hagnaður ársins	3.373.295	851.192
Óráðstafað eigið fé í lok árs	<u>18.231.927</u>	<u>15.624.632</u>

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Verksamningar

9. Skuldbindingar vegna verksamninga sem ólokið er um áramótin námu um 226,0 millj. kr. í árslok 2022.

Húsaleiguskuldbinding

10. Félagið er með húsnæði á leigu. Samningurinn er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Skuldbinding vegna hans nemur 31.2 millj.kr. í árslok.

Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum

11. Eigendur og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Tekjur frá systurfélögum á árinu 2022 námu um 48,9 millj.kr. Kaup á vörum og þjónustu af Reykjavíkurborg og systurfélögum námu um 372,4 millj.kr. og af öðrum tengdum aðilum um 9,9 millj.kr. á árinu. Viðskiptaskuldir við tengd félög námu 5,3 millj.kr. í árslok.

Á árinu 2021 var gerður kaupsamningur milli Faxaflóahafna sf. og Reykjavíkurborgar um sölu á Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, Reykjavík söluverð 2.184,8 millj.kr. Afhending eignarinnar fór fram 15. júní 2022. Lokagreiðsla 985 millj.kr. fer fram á árinu 2023 og er færð meðal skammtímakrafna.

Þóknun til endurskoðenda

12. Þóknun til ytri endurskoðenda félagsins á árinu 2022 nam 4,1 millj. kr. (2021: 3,8 millj. kr.).